

## Lárus Finnbogason – stjórnarformaður FME

*Háttvirtur viðskiptaráðherra, ágætu ársfundargestir!*

Síðasta ár hefur verið viðburðarríkt á íslenskum fjármálamarkaði, en árið hefur einkennst af áframhaldandi vexti og alþjóðavæðingu íslenskra fjármálafyrirtækja og einnig miklum óróa á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum, einkum nú á síðustu mánuðum. Eðli málsins samkvæmt hefur þessi þróun haft töluverð áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins enda gegnir stofnunin lykilhlutverki í íslensku fjármálakerfi.

Við hjá Fjármálaeftirlitinu höfum fundið fyrir því að með aukinni alþjóðavæðingu íslenskra fjármálafyrirtækja hafa fyrirtækin og forsvarsmenn þeirra gert sér æ betur grein fyrir mikilvægi þess að á Íslandi starfi öflugt fjármálaeftirlit.

Þetta viðhorf hefur einnig komið fram opinberlega meðal annars í ársfundarræðu fyrrverandi formanns Samtaka fjármálafyrirtækja síðastliðið vor, en þar sagði hann að mikilvægt væri að stórefla Fjármálaeftirlitið þannig að það réði við stærri og alþjóðlegri verkefni. Formaður Samtaka Lífeyrissjóða sló einnig svipaðan tón á síðasta ársfundi samtakanna. Þetta sjónarmið hefur í auknum mæli endurhljómað í helstu fjölmiðlum landsins og í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru málefnum Fjármálaeftirlitsins gerð skýr skil og sérstaklega kveðið á um eflingu stofnunarinnar.

En með hvaða hætti verður best stuðlað að öflugu Fjármálaeftirliti?

Ég tel að til þess að tryggja öflugt, skilvirkt og trúverðugt eftirlit verði þrjár grunnforsendur að vera til staðar.

Í fyrsta lagi eru **nægar fjárheimildir ein grunnforsenda** þess að hægt sé að stunda eftirlitsstarfsemi í alþjóðlegu umhverfi. Eins og fyrr sagði hefur alþjóðlegur vöxtur íslenskra fyrirtækja, sem hófst fyrir alvöru árið 2004, verið gríðarlegur og ekki sér fyrir endan á honum. Alþjóðavæðingin hefur einnig aukið flækjustig eftirlitsaðgerða Fjármálaeftirlitsins og aukið allan tilkostnað við rekstur þess. Skilningur á því að Fjármálaeftirlitið búi yfir nægum fjárheimildum hefur verið að aukast, en það er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið geti vaxið samhliða stækkun markaðarins. Þess má geta að einmitt þetta atriði er eitt af því sem lánshæfismatsfyrirtæki og alþjóðastofnanir spyrja um á fundum þeirra með Fjármálaeftirlitinu.

**Önnur grunnforsenda** fyrir öflugu Fjármálaeftirliti er að stofnunin hafi skýrar og skilvirkar **valdheimildir** og úrræði til að bregðast hratt og örugglega við frávikum frá heilbrigðum viðskiptaháttum og brotum á lögum og reglum á fjármálamarkaði. Með lagabreytingum á undanförunum árum hafa stjórnvöld styrkt möguleika Fjármálaeftirlitsins til þess að afla upplýsinga og beita viðeigandi úrræðum sé þess nauðsyn.

**Þriðja forsenda** öflugs fjármálaeftirlits - og kannski sú mikilvægasta - er **sjálfstæði og óháði** Fjármálaeftirlitsins gagnvart stjórnmalamönnum annarsvegar og eftirlitsskyldum

aðilum hinsvegar. Sjálfstæður og óháður eftirlitsaðili stuðlar að markvissara eftirliti, auknum stöðugleika á fjármálamarkaði, jafnræði viðskiptamanna fjármálafyrirtækja og eykur trúverðugleika eftirlitsaðilans út á við og þar með fjármálamarkaðarins í heild.

Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem snúa að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum byggja á hlutlægu og faglegu mati sérfræðinga þess auk þess sem allar meiriháttar ákvarðanir eru bornar undir stjórn eftirlitsins, til samþykkis eða synjunar. Þegar svo ber við er mikilvægt að stjórnvöld, stjórnvaldamenn og eftirlitsskyldir aðilar virði sjálfstæði stofnunarinnar.

Þetta atriði skiptir sérstaklega miklu máli á Íslandi þar sem eignarhald fjármálafyrirtækja er þröngt, fyrirtækin gríðarlega stór miðað við landsframleiðslu og hagsmunir eigenda þeirra gjarnan samofnir.

Alþjóðavæðing íslenska fjármálakerfisins undirstrikar ennfrekar mikilvægi þess að á Íslandi starfi sjálfstætt og óháð Fjármálaeftirlit. Sem dæmi má nefna að þau starfsleyfi sem Fjármálaeftirlitið gefur út á Íslandi gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, þau eru því einskonar vegabréf fjármálafyrirtækja í útrásinni. Erlend eftirlitstjórnvöld leggja þannig traust sitt á fagmennsku, sjálfstæði og hlutlægni Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur með höndum yfirstjórn stofnunarinnar og kemur að fjölmörgum verkefnum og ákvörðunum hennar. Þetta ber þó ekki að skilja svo að stjórnin sé að vasast í daglegum rekstri og hefðbundnum eftirlitsverkefnum stofnunarinnar, en til þess ræður hún forstjóra sem svo ræður til sín öflugra liðsmenn. Stjórnin tekur virkan þátt í að móta heildarstefnu Fjármálaeftirlitsins auk þess sem það er lagaleg skylda hennar að taka allar meiri háttar ákvarðanir eftirlitsins.

Vöxtur íslenska fjármálakerfisins gerir auknar kröfur til Fjármálaeftirlitsins varðandi skilvirkni og forgangsröðun. Til þess að takast á við þetta verkefni hefur Fjármálaeftirlitið unnið töluvert stefnumótunarstarf og á þessu ári lauk innleiðingu á stefnumiðuðu árangursmati þar sem skilgreind eru 15 meginmarkmið og mælikvarðar sem mæla árangur af störfum Fjármálaeftirlitisins. Niðurstöður fyrstu mælinga verða birtar opinberlega á næsta ári. Þetta stefnumótunarstarf er að mínu mati mjög mikilvægt til þess að mæla árangur af störfum eftirlitsins.

### **Góðir fundarmenn.**

Mikill árangur hefur orðið í starfi Fjármálaeftirlitsins á liðnu starfsári og hafa stjórnendur og starfsfólk þess sýnt framsýni og frumkvæði til þess að stuðla að öfluggu og skilvirku eftirliti.

Eftirlitsskyldir aðilar og stjórnvöld gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að á Íslandi starfi Fjármálaeftirlit sem nýtur trausts og virðingar innanlands sem utan. Að undanfögnu hafa verið stigin mikilvæg skref til þess að efla Fjármálaeftirlitið. Afrakstur þess hefur glögglega komið fram í því að þeir fjölmörgu erlendu aðilar sem heimsótt hafa stofnunina hafa almennt fjallað jákvætt um starfsemi og hlutverk hennar, en slíkt er auðvitað mjög mikilvægt fyrir íslenskan fjármálamarkað.

Það eru hagsmunir allra að á Íslandi starfi öflugt Fjármálaeftirlit og ég leyfi mér að fullyrða að þeir sem hafa mestan hag af slíku eru eftirlitsskyldir aðilar. Traust og trúverðugleiki íslenska fjármálamarkaðarins eru þó hagsmunir sem varða okkur öll. Það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að stuðla að því að markaðurinn sé traustsins verður og það skilja eftirlitsskyldir aðilar – þó svo að þeir kunni stundum að kveinka sér undan einstaka ákvörðunum eftirlitsins.

Mestu skiptir þó að eftirlitsskyldir aðilar sýni lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda þá virðingu sem þeim ber og hagi athöfnum sínum öllum í samræmi við það.

Ég vil að lokum þakka forstjóra og öllum starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins fyrir öflugt og gott starf á liðnu starfsári.